

V. KAFLI  
OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 665.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 665.00 gjald í skrifstofu rafveitunnar.

Í framangreindum verðum er innifalinn 20% söluskattur, nema í II. kafla, sölu til hitanotkunar, en á þá sölu er ekki lagður söluskattur. Á I. kafla gjaldskrárinnar er einnig lagi 13% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness nr. 341 25. október 1974.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. mars 1975.*

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**SAMÞYKKT**  
**um hundahald í Egilsstaðahreppi.**

1. gr.

Hundahald er bannað í Egilsstaðahreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b. Árlega skal sveitarstjórn greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum, og skal upp-hæð þess við það miðuð.
- c. Skytt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á. m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrir-mælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

- f. Skráðum bændum skal heimilt að halda hunda án gjalds og einnig er heimilt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afurkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

### 3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Egilsstaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að gilda í eitt ár til reynslu og skal þá endurskoðuð.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. apríl 1975.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Pórunn Klemenzdóttir.*

## AUGLÝSING

**um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk skólaárið 1975—1976.**

1. Auglýsing þessi tilgreinir þann ramma sem miða skal við þegar stundaskrá nemenda í 1.—9. bekk skólaárið 1975—1976 er ákveðin. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 124 frá 5. apríl 1974.
2. Neðangreindur stundaskrárramma tiltekur það meðaltal kennslustunda sem hver nemandi skal fá á viku hverri. Undantekning frá þessu er þó neðsta lína töflunnar, „Kennarastundir til ráðstöfunar“, sbr. 3. lið.
3. Auk þeirra nemendastunda sem stundaskrárramminn tilgreinir fær skóli **kennarastundir til ráðstöfunar** sem svarar einni vikustund á hverja 25 nemendur. Þessar stundir má skóli nota m. a. til þess að skipta bekkjardeild í kennslu eða til viðbótarnáms án þess að föst stundaskrá nemenda lengist fyrir vikið. Heimilt er skóla að flytja umræddar kennarastundir milli bekkja ef ástæða er talin til.
4. Um frávik frá því sem tilgreint er í stundaskrárrammanum gilda ákvæði Námskrár fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, útg. af menntamálaráðuneytinu 1960. Auk þess getur menntamálaráðuneytið veitt sérstakar undanþágur eða fráviksheimildir ef rökstuddar óskir berast um slíkt.